

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Hellu í Rangárvallasýslu
nr. 208 30. nóvember 1960.

1. gr.

14. gr. orðist svo:

Af húsum, sem tengd eru við vatnsveitukerfið eftir gildistöku reglugerðar þessarar, skal greiða tengigjald eða stofngjald 2000.00 krónur. Gjald þetta skal greiddast áður en húsið er tengt við vatnsæð.

Reglugerð þessi, sem vatnsveitufélag Hellu, Rangárvallasýslu, hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. nóvember 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 247.

30. nóvember 1966.

REGLUGERÐ

um mat á frystum hrognum til útflutnings.

1. gr.

Öll hrogn, sem fryst eru til manneldis og flutt eru út frá Íslandi, skulu háð eftirliti og vera metin af Fiskmati ríkisins.

2. gr.

Fryst hrogn skulu skiptast í tvo aðalflokka eftir gæðum og frágangi.

- 1) Fyrsta flokks hrogn til manneldis.
- 2) Iðnaðarhrogn fyrsta og annars flokks eins og nánar er kveðið á um í 3. og 4. gr. þessarar reglugerðar.

3. gr.

Hrogn, sem ætluð eru til manneldis í óbreyttu formi eða til reykingar heil, skulu vera fyrsta flokks að gæðum, enda séu þau ósprungin, laus við gall- eða marbletti og almennt útlitsgóð og órunnin vegna hrygningar. Þó má nota aðra skálmína, sé hún rétt skorin eftir gotrauf. Ekki mega hrognin hafa frosið í geymslu, áður en vinnsla þeirra fór fram. Hrognin skulu vera hraðfryst. Hrogn, sem fullnægja þessum skilyrðum, skulu metin I. flokks til manneldis. Heimilt er Fiskmati ríkisins að ákveða stærðarflokkun á þessum gæðaflokki hroгна í samráði við útflytjendur.

4. gr.

Hrogn, sem ætluð eru til matvælaíðnaðar, svo sem niðursuðu, skulu flokkast í tvo undirflokka og kallast iðnaðarhrogn nr. 1 og iðnaðarhrogn nr. 2.

a) *Iðnaðarhrogn nr. 1*, teljast hrogn, sem vegna gæða hráefnis hefðu verið metin hæf sem fyrsta flokks, samkvæmt 3. gr., ef hrognin hefðu ekki spillt vegna

meðferðar, svo sem rifnað, eða reynzt of stór eða smá til að vera seljanleg til manneldis í óbreyttu formi. Þó mega hrognin vera farin að taka lítilegum breytingum vegna hrygningar (sjást augu). Blóðæðar þurfa ekki að fjarlægjast, en blóðmar og gallbletti skal skera af hrognunum.

b) *Iðnaðarhrogn nr. 2*, skulu vera efnislega óskemmd og að öllu leyti eins og iðnaðarhrogn nr. 1 að öðru leyti en því, að hrognin mega vera verulega runnin.

Hrogn, sem fullnægja skilyrðum um gæði samkvæmt a.- eða b.-liðum þessarar greinar, skulu metin eftir atvikum sem iðnaðarhrogn nr. 1 eða 2.

Fiskmati ríkisins er heimilt að setja í samráði við útflytjendur nánari reglur um pökkun iðnaðarhrogna. Hrogn, sem ætluð eru til iðnaðar samkvæmt skilgreiningu þessarar greinar, skulu vera hraðfryst. Þó er Fiskmati ríkisins heimilt að meta hrogn, sem hafa verið hægfryst sem iðnaðarhrogn til manneldis.

Sérhver fryst eining skal vera merkt í samræmi við innihald og skal merking bera með sér, hvort iðnaðarhrognin séu 1. eða 2. flokks. Á sama hátt skal merkja ytri umbúðir, ef hrognunum er þannig pakkað. Þó þarf ekki að merkja á þennan hátt síuð hrogn, sem fryst eru í blokk, og ætluð eru til niðursögunar í skammta.

Þótt iðnaðarhrogn séu síuð (tekin úr himnunni) gildir sama efnislega gæða-skilgreining og hér að framan um 1. og 2. flokk iðnaðarhrogna.

5. gr.

Hrogn, sem ekki eru talin hæf til manneldis samkvæmt 3. gr. eða til matvælaiðnaðar samkvæmt 4. gr., en eru flutt út sem dýrafóður, skulu fyrir útflutning auðkennd með litarefnum samkvæmt nánari fyrirmælum Fiskmats ríkisins.

6. gr.

Við útflutning er óheimilt að pakka saman í ytri umbúðir mismunandi gæðaflokkun eins og þeir eru skilgreindir í 3., 4. og 5. grein þessarar reglugerðar.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 30. nóvember 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón L. Arnalds.